



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

stjornarradid.is

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær
B.t. Almars Guðmundssonar, bæjarstjóra

Reykjavík 13. febrúar 2023
Tilv.: IRN23010017/7.20

Efni: Vegna umsóknar um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Vísað er til erindis Garðabæjar, dags. 30. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt var um framlag vegna framkvæmda við Sigurhæð 12, Ægisgrund 19 og íbúð að Garðatorgi 7.

Erindið var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar þann 9. febrúar sl. Heildarkostnaður við framkvæmdirnar nam 26.703.024 kr. Samkvæmt vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Garðabæjar geti numið 10.976.878 kr. Framlög vegna aðgengismála hafa ekki áður verið veitt til Garðabæjar.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 10.976.878 kr.

Framlag þetta er veitt á grundvelli a-liðar 3. gr. reglugerðar 280/2021.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Ragnar Ágúst Róbertsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026